

5G Pakkinn uppsetning

10.02.2026

Hvað kemur í pakkanum

- 5G loftnet
- Wi-Fi aðgangspunktur
- PoE aflugjafi
- Festingar fyrir loftnet
- Netsnúrur
 - 1x 10m netsnúra
 - 2x 1.5m netsnúrur

Uppsetning


- Til að setja upp 5G Pakkann þarf að staðsetja loftnetið á góðan stað úti, best ef það er uppá þaki. Simkorta raufin er staðsett undir loftnetinu og þarf að skrúfa lokið af með sexkantinum sem fylgir.
- Þegar loftnetið er komið á sinn stað þarf að tengja hann við rafmagn, þá þarf að setja netsnúru frá loftnetinu í WAN&POWER á aflugjafanum eins og sést á tengimynd. Þá ættu ljósin á loftnetinu að byrja að blikka og verða græn.
- Til að fá WiFi þarf að tengja netsnúru úr LAN1 á aðgangspunktnum við LAN á aflugjafanum.
- Þá kemur rautt ljós á aðgangspunktinn. Þá þarf að klára uppsetninguna í gegnum vefslóð 192.168.3.1 eða í Huawei AI Life appinu.



Athugið

Ef ljósið á aðgangspunkt blikkar rautt er ekki búið að klára uppsetningu, ef ljósið er stöðugt rautt er hann ekki að ná sambandi við loftnet.

Tengimynd



Uppsetning í appi

- Tengjast Wi-Fi frá aðgangspunkt (HUAWEI-xxxxxx)
- Opna Huawei AI Life appið og samþykkja skilmála
- Veldu aðgangspunktinn (HUAWEI WiFi Mesh 3)
- Veldu á **Next**
- Setja upp Wi-Fi
 - Setja þarf upp Wi-Fi lykilorð og lykilorð inná aðgangspunktinn í **Admin Password** einnig er hægt að breyta Wi-Fi nafninu í þessu skrefi
- Þá er allt klárt, nú þarf að tengja tækin við Wi-Fi með nýja lykilorðinu

Uppsetning á vef viðmóti

- Tengjast Wi-Fi frá aðgangspunkt (HUAWEI-xxxxxx)
 - Opna vafra og fara inná <http://192.168.3.1>
 - Þá þarf að samþykkja skilmála og smella á Get started
 - Veldu **Create a Wi-Fi**
 - Veldu **DHCP**
 - Búa til lykilorð fyrir Wi-Fi
 - Búa til lykilorð fyrir viðmót netbeinis
 - Veldu **Save**
 - Þá er allt klárt, nú þarf að tengja tækin við Wi-Fi með nýja lykilorðin
-